

Graviano gegn Ítalíu

Dómur frá 10. febrúar 2005

Mál nr. 10075/02

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Vitni. Bein sönnunarfærsla.

1. Málsatvik

Kærandi, Giuseppe Graviano, er ítalskur ríkisborgari, fæddur 1963. Hann afplánar nú ævilangan fangelsisdóm í Novara á Ítalíu fyrir manndráp og þátttöku í glæpasamtökum (mafiu).

Kærandi var ákærður og saksóttur fyrir dómstóli í Palermo ásamt tólf öðrum sakborningum. Höfðu þá kennsl verið borin á hann á grundvelli framburðar fyrrverandi meðlima glæpasamtakanna sem höfðu gerst uppljóstrarar lögreglu. Í framburði uppljóstraranna A og B var kærandi sagður hafa haft milligöngu um morð. Meðan á meðferð málsins stóð fyrir ofangreindum dómstóli, og eftir að dómara heyrdi framburð uppljóstraranna tveggja, var einn þeirra átta dómara er skipuðu dóminn færður til annarra skyldustarfa og annar dómari settur í hans stað. Kærandi mótmælti þeirri ákvörðun ákærvalds að leggja aðeins fyrir dómara skýrslur um yfirheyrslur vitna og annað það sem fram fór áður en dómarskiptin urðu. Ákærvaldið hafnaði kröfu kæranda um að láta vitnaleiðslur fara fram að nýju.

Þann 3. apríl 1999 var kærandi dæmdur til lífstíðarfangelsis á grundvelli fyrirbyggjandi sönnunargagna, einkum framburða A og B.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kært var fyrir brot á 1. mgr. og d-lið 3. mgr. 6. gr. Hélt kærandi því fram að meðferð máls hans hefði ekki verið réttlát, einkum með tilliti til þess að einn átta dómara sem skipuðu dóminn var færður til og annar dómari settur í hans stað. Þá taldi kærandi synjun kröfu hans um að vitnin A og B yrðu kvædd fyrir dóminn á ný einnig fela í sér brot á rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að almennt ættu dómarskipti að loknum vitnaleiðslum að valda því að vitni væru kölluð aftur fyrir dóm. Hins vegar höfðu sérstakar kringumstæður réttlætt undantekningu frá meginreglum um munnlega sönnunarfærslu í máli kæranda. Ekki var því talið að réttur kæranda til réttlátrar málsmeðferðar hefði verið takmarkaður þrátt fyrir að einn dómara hefði ekki verið viðstaddur vitnaleiðslur umræddra vitna, A og B. Þar sem allir hinir sjö dómara sem skipuðu dóminn voru viðstaddir þegar vitnin voru leidd fyrir dóminn væri réttur kæranda nægilega tryggður. Að mati dómstólsins var ennfremur fullnægjandi að hinn nýi dómari hefði aðeins haft tækifæri til að lesa skýrslur um framburð vitnanna A og B, en ekki verið viðstaddur skýrslugjöf þeirra. Dómstóllinn tók fram að dómarskiptin hefðu ekki skert rétt kæranda til þess að fá að spyrja eða láta spyrja vitnin A og B sem gáfu vitnisburð sinn í opnum réttarhöldum sem bæði kærandi og lögmaður hans voru viðstaddir. Lögmaðurinn hafði tækifæri til að spyrja vitnin þeirra spurninga er hann taldi mikilvægar fyrir vörn kæranda.

Þá taldi dómstóllinn kæranda ekki hafa sýnt fram á að endurteknar yfirheyrslur hefðu getað fært fram ný sönnunargögn sem þýðingu hefðu getað haft fyrir niðurstöðu málsins.

Undir þessum kringumstæðum taldi dómstóllinn að hvorki synjun kröfu kæranda um að vitnin yrðu leidd fyrir dóm á ný né framlagning skýrslna um vitnisburð þeirra hefði falið í sér takmörkun á rétti kæranda til réttlátrar málsmeðferðar. Var það einróma niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn 1. mgr eða d-lið 3. mgr. 6. gr.

(Dómurinn er aðeins til á frönsku.)